

Ed.

## 134. Frumvarp

til laga um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

### 1. gr.

Ráðherra er heimilt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í rikissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

1. Þegar iðnaðarvaran, sem framleidd er úr hinum umræddu efnivörum, mundi vera undanþegin vörutolli og verðtolli, ef flutt væri tilbúin til landsins frá útlöndum, skal endurgjalda allan vörutoll og verðtoll, sem greiddur kann að hafa verið í rikissjóð af efnivörum.
2. Þegar iðnaðarvaran við innflutning frá útlöndum sætir lægri gjöldum af vörutolli og verðtolli en tilsvareandi efnivörur, skal endurgjalda hluta af greiddum vörutolli og verðtolli, svo mikinn, að aldrei verði meira eftir af slíkum gjöldum á efnivörum en sem nemur gjöldum af tilsvareandi unnum iðnaðarvörum, ef fluttar væru inn frá útlöndum.

### 2. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, sett nánari reglur og fyrirmæli um framkvæmd ákvæðanna í 1. gr.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931, og má þá endurgreiða aðflutningsgjöld af óseldum birgðum iðnaðarmanna og iðjurekenda af unnum iðnaðarvörum, er falla undir ákvæði 1. gr. að efni til.

Greinargerð.

Það á sér stað í nokkrum tilfellum eftir núgildandi lögum um vörutoll og verðtoll, að gjöld þessi eru hærri á efnivörum til iðnaðar en á þeim unnu iðn-

aðarvörum, sem gerðar eru úr þessum efnivörum. Úr þessu verður tollverndun á erlendum iðnaði, og hvaða skoðun, sem menn annars hafa á verndartollum, munu allir sammála um að vilja ekki sérstaklega tollvernda erlendan iðnað í samkeppni við innlendan. Er frv. ætlað að bæta úr þessu.

Ég hefi ekki að svo stöddu viljað láta ákvæði frv. ná til hinna eiginlegu tollvörutegunda (tóbaks, sykurs o. þ. h.), að nokkru vegna þess, að í löggjöfinni eru nú þegar sérákvæði um það atriði, og að nokkru vegna þess, að þá yrði erfitt að sjá fyrir um fjárhagsatriði frv. Eins og frv. er úr garði gert mun það eigi skerða tekjur rikissjóðs tilfinnanlega.